

Mál nr. 183/2015**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður slasaðist er hurð á gámi f auk upp og skall á fæti hans.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 12.5.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 23.6.2015, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A hefur starfsemi með höndum sem undirverktaki á athafnasvæði B á Reyðarfirði. Hinn 27. febrúar 2012 var M, starfsmaður A, að opna gám á athafnasvæðinu. Hafði hann opnað hægri hurðina og snúið sér við til að opna þá vinstri þegar sú hægri f auk aftur og skall aftan á hægri hæl M sem hlaut meiðsl við það. Samkvæmt fyrirliggjandi læknisvottorði var hann óvinnufær með öllu frá slysdegi til 5. mars 2012. Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins (VER) 6. mars 2012, en þá mun M hafa mætt aftur til vinnu að loknu vaktafrii.

Í áhættumati sem liggur fyrir í málinu, dags. 28. apríl 2009, kemur fram að frágangur á hurðum við lestun gáma feli í sér slyshættu fyrir starfsmenn og núverandi forvarnir séu almenn aðgæsla en sem tillögu að úrbótum skuli tryggja að hurðir séu skorðaðar /festar þannig að þær fjúki ekki til.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið var tilkynnt VER 6. mars 2012 eða degi eftir að M mætti að nýju til vinnu eftir slysið. Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvíldi sú skylda á A að tilkynna slysið til VER án ástæðulausrar tafar. Fyrirsvarsmönnum A á vinnustaðnum átti ekki að dyljast að M hafði orðið fyrir meiðslum og þurfti af þeim sökum að leita læknisaðstoðar. Engar haldbærar skýringar hafa komið fram sem réttlætt geta þann drátt sem varð á að tilkynna slysið. Verður því að leggja frásögn M til grundvallar um slysið og tildrög þess.

Ekki er um það deilt að enginn búnaður mun hafa verið á gáminum til að festa hurðina aftur þegar dyrnar höfðu verið opnaðar. Eins og fram kom í fyrrgreindu áhættumati frá apríl 2009 var gerð tillaga um úrbætur á þann veg að tryggja skuli að hurðir séu skorðaðar eða festar þannig að þær fjúki ekki til. Ekki liggur ljóst fyrir samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að bætt hafi verið úr annmörkum í samræmi við þessa tillögu. A ber því ábyrgð á slysinu og ekki verður séð að A geti leyst sig undan ábyrgð að þessu leyti með því að M hafi undirritað áhættumatið. Ekkert liggur fyrir um það að slysið verði rakið til háttsemi M sem verður metin honum til stórkostlegs gáleysis. eru því ekki efni til að leggja á hann meðábyrgð á slysinu, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim. M á því rétt á óskertum bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bóttum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. júlí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.